

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna gjaldskrár Matvælastofnunar (gjaldskrárheimildir), mál nr. 206/2022.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir SAFL) vísa til draga sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda 31. október síðastliðinn að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna gjaldskrár Matvælastofnunar (gjaldskrárheimildir).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gjaldskrárheimildum Matvælastofnunar (hér eftir MAST) í sjö lagabálkum í þeim tilgangi að samræma heimildirnar.

Í greinargerð með frumvarpinu er tiltekið að markmiðið með frumvarpinu sé að samræma gjaldtökuheimildir á milli sjö lagabálka sem annast opinbert eftirlit með og styrkja lagastoðir sem mynda grundvöll fyrir gjaldtöku vegna þess eftirlits sem MAST fer með og þá þjónustu sem hún veitir. Við nánari skoðun er hins vegar ljóst að ekki er einungis um samræmingu heimilda að ræða. Einnig er lagt til upptaka nýrra eftirlitsgjalda.

1. Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, um gjaldtöku MAST fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun vegna aukaafurða dýra. Í núgildandi lögum er enga heimild til gjaldtöku að finna og því er hér um ný eftirlitsgjöld að ræða.

Í núverandi fyrirkomulagi eftirlits er eftirlit með aukaafurðum viðhaft samhliða heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og hefur verið innheimt eftirlitsgjald vegna þess sbr. 5. gr. gjaldskrár fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar nr. 392/2022¹. Í greinargerð frumvarpsins er hvergi vikið að því að breyting eigi að verða á fyrirkomulagi eftirlits vegna aukaafurða dýra. Því eru engar forsendur fyrir að taka upp sérstaka gjaldtöku vegna þess. Auk þess er ekki lagt mat á hver kostnaðarauki fyrirtækja yrði vegna þessarar nýju gjaldheimtu.

Ætla má að 4. gr. frumvarpsdraganna feli í sér annað af tvennu: a) kostnaðarauka fyrir fyrirtæki eða b) uppskiptingu núverandi eftirlitsgjalds vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum. Því er ljóst að hvorki er um einföldun né kostnaðarlækkun að ræða fyrir fyrirtæki í landbúnaði.

¹ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d7ffed55-2759-419b-9850-6df0fd7ea6ec>

2. Mat á áhrifum


Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með útgáfu nýrrar gjaldskrár MAST um nk. áramót muni lögbundnar rekstrartekjur MAST hækka um 300-400 milljónir króna frá því sem nú er, í samræmi við niðurstöður greiningar á vegum KPMG og MAST á raunkostnaði sem myndast við eftirlit og þjónustu sem MAST sinnir. Á móti auknum rekstrartekjum er áætlað að útgjöld stofnunarinnar vegna eftirlits geti aukist um 100-200 milljónir króna.

SAFL gerir athugasemdir við að ekki er lagt mat á með hvaða hætti boðuð kostnaðarhækkun mun koma til með að skiptast milli þeirra lagabálka sem frumvarp þetta nær til. Þá er þess heldur ekki getið í frumvarpinu af hvaða ástæðum útgjöld vegna eftirlits muni aukast.

3. Niðurlag

Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið reifuð er SAFL mótfallin frumvarpsdrögum þessum. Að því sögðu eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til frekari umræðu og skoðanaskipta um frumvarpsdrög þessi, sé þess óskað.

Fyrir hönd
Samtaka fyrirtækja í landbúnaði



Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri SAFL